

219 sem búast megi við eptir góða og hentuga kennslu vetrarlangt. Undir eins og þjer af-
23. nóv. hendið vottorð prófdómmandanna um það, mun styrkurinn verða yður útborgaður.

220 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
27. nóv. álag á umboðsjörð. — Um leið og jeg endursendi yður, herra amtmaður, hjálagaða úttekt-
argjörð fyrir Möðruvallaklaustursjörðunni Björgum, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar frá 5.
þ. m., get jeg þess, að jeg því síður sje mjer fært að gefa nokkuð eptir af álagi því á hús
þessarar jarðar, er landssjóðnum ber, sem það í tillögum umboðsmannsins frá 4. maí þ. á.
um að sameina tjeða jörð við Möðruvelli var talin ein ástæða, er mælti fram með þessari
sameiningu, að landssjóðnum áynnist talsvert álag á húsinn, er lægju við falli.

221 — Brjef landshöfðingja til hjeradslæknis Páls Blöndals um lán úr viðlagasjóði gegn
27. nóv. veði í lífsábyrgðarskirteini. — Til svars brjefi yðar, herra læknir, dagsettu 20 þ. m., þar
sem þjer söekið um lán úr viðlagasjóði gegn veði í lífsábyrgðarskirteini, læt jeg eigi und-
an falla að tjá yður, að samkvæmt fyrirmælum í ráðgjafa-brjefi 28. marz 1876 (Stj.tíð.
1876, B. 23.) brestur heimild til að veita lán úr viðlagasjóði gegn slíku veði.

222 — Brjef landshöfðingja til landfógeta um útborgun á launum hreppstjóra. — Um
28. nóv. leið og jeg endursendi hjálögð skjöl, er jeg meðtók í dag með 2 þóknanlegum brjefum
yðar, herra landfógeti, frá 25. þ. m., get jeg þess, að jeg er yður samdóma um, að engin
heimild hafi verið til þess, að greiða hreppstjórum í síðast liðnum fardögum laun fyrir
allt árið 1882, og að ekki geti komið til tals að samþykkja upphæðir þær, sem bera hin-
um einstöku hreppstjórum, fyrr en búið er að endurskoða viðkomandi sýslureikning í heild
sinni, sbr. að öðru leyti brjef landshöfðingja 26. júní þ. á. (Stjórnartíðindi, 1882 B. 115).

223 — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu um útborg-
20. des. un á launum hreppstjóra og skil fyrir þeim. — Í brjefi til amtmannsins yfir suður-
og vestur-umdæminu hafið þjer, herra sýslumaður, spurt, hvort hreppstjórar samkvæmt
lögum 13. jan. þ. á. (A. 3.) eigi kröfu til launa fyrir tímabilið frá 1. jan. til 6. júní þ.
á., eptir hvaða blutfalli eigi að reikna þessi laun, og hver skil beri að gjöra fyrir þeim.

Fyrir því vil jeg vísa yður til brjefs landshöfðingja frá 26. júní þ. á. (B. 115);
þar sem leyft er að greiða hreppstjórum í laun fyrir tímabilið frá 1. jan. til fardaga þ.
á. 43 aura fyrir hvern búandi mann innanhrepps, sem býr á jörðu eða jarðarparti, sem
metinn sje ekki minna en 5 hundruð.

Jeg álit rjettast, að gjald þetta verði ritað útgjaldamegin í manntalsreikninginn
sem borgun uppí ábúðar- og lausafjárskattinn, að þessum gjaldlið verði látin fylgja skrá
yfir þær upphæðir, sem borgaðar hafa verið hverjum hreppstjóra um sig, og að kvittanir
hinna einstöku hreppstjóra verði láttnar fylgja þessari skrá, og gjöri jeg ráð fyrir, að skil-
ríkin fyrir ábúðar- og lausafjárskattinum muni innihalda allar þær skýringar, er nauð-
synlegar sjeu til að komast að raun um, hvort hinar einstöku upphæðir hafi verið rjett
reiknaðar, sjer í lagi skýrslur um alla búendur í hverjum hreppi og um það, á hve mörg-
um jarðarhundruðum eptir nýju mati hver þeirra bú.